

Staðfesting til forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum, af dómsmálaráðherra 29. júní 1983.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur.

1. Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur og er stofnaður 25. maí 1983 til minningar um Guðnýju Ellu Sigurðardóttur yfirkennara Þroskaþjálfaskóla Íslands er andaðist 29. janúar 1983.
2. Markmið sjóðsins er að styrkja nemendur er lokið hafa námi við Þ.S.Í. til framhaldsnáms. Við styrkveitinguna skal haft það sjónarmið að veita eigi fleiri styrki en svo að þeir komi styrkþega að verulegum notum.
3. Stofnendur eru kennarar, nemendur, skólastjórn Þ.S.Í., Félag þroskaþjálfra ásamt nokkrum öðrum aðilum.
4. Stofnfé sjóðsins er **23 300,00** kr.
5. Tekjur sjóðsins eru arður af eignum hans, svo og gjafir og áheiti, er honum kunna að berast.
Fé sjóðsins skal ávaxta á þann hátt, er sjóðstjórn telur hagkvæmasta.
6. Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.
7. Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri Þ.S.Í., fulltrúi úr skólastjórn, fulltrúi kennara við Þ.S.Í., fulltrúi úr Félagi þroskaþjálfra og fulltrúi úr fjölskyldu Guðnýjar Ellu.
Nefndir fulltrúar skulu valdir til 4ja ára í senn.
8. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Halda skal sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn, færa í hana árlega reikninga sjóðsins og skrá í hana allar gerðir, er sjóðinn varða.
9. Telji sjóðstjórn að nauðsyn beri til að breyta skipulagsskrá þessari vegna breyttra aðstæðna, er henni það heimilt, enda samþykkti dómsmálaráðuneytið breytinguna.
10. Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

6. júlí 1983

Nr. 503

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Heilsuhællissjóð Náttúrulækningafélags Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum, af dómsmálaráðherra 6. júlí 1983.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Heilsuhællissjóð Náttúrulækningafélags Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Heilsuhællissjóður Náttúrulækningafélags Íslands.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Náttúrulækningafélagi Íslands (N.L.F.Í.) og undir yfirstjórn þess í þeim tilgangi að styrkja uppbyggingu og rekstur heilsuhæla, sem starfi í samræmi við c-lið 3. gr. laga N.L.F.Í. og reknar eru sem sjálfseignastofnanir, svo og aðra starfsemi N.L.F.Í., sbr. 2. gr. laga félagsins.

3. gr.

Stjórn sjóðsins aflar sjóðnum tekna með: gjöfum, áheitum, samskotum, hlutaveltum og öðrum fjáraflaðferðum, sem við verður komið enda renni allur ágóði sem verða kann af slíkum fjáröflunarleiðum óskiptur í sjóðinn.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtarbréfum, vel tryggðum skuldabréfum og að öðru leyti í ríkistryggðum bönkum.

5. gr.

Stjórn N.L.F.Í. er jafnframt framkvæmdastjórn sjóðsins og starfar í samræmi við ályktanir landsþings N.L.F.Í.

6. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins er nú kr. 1 256 457,36 — einmilljóntvö hundruðfimmtíuogsexþúsundfjögurhundruðfimmtíuogsjö³⁶/₁₀₀.

7. gr.

Endurskoðendur N.L.F.Í. eru jafnframt endurskoðendur sjóðsins.

8. gr.

Stjórn sjóðsins aflar honum fjár svo sem segir í 3. gr. Hún annast allar fjárreiður sjóðsins, kemur fé hans á vöxtu skv. 4. gr. og leggur endurskoðaða reikninga hans fyrir landsþing til samþykktar, sbr. d-lið 8. gr. þingskapa N.L.F.Í.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

10. gr.

Greiða skal úr sjóðnum öll nauðsynleg útgjöld við starfsemi hans, svo og við stofnun hæla þegar þeim hefur verið valinn staður og framkvæmdir hlotið samþykki stjórnar N.L.F.Í. og landsþings N.L.F.Í., en þá fyrst er heimilt að verja fé úr sjóðnum til nauðsynlegra byggingaframkvæmda.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema á lögmætu landsþingi N.L.F.Í. og þarf til breytinganna $\frac{2}{3}$ hluta greiddra atkvæða.

12. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi fallin skipulagsskrá fyrir heilsuhælistjóð Náttúrulækningafélags Íslands nr. 83 frá 7. júní 1948.

13. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 29. desember 1982.

Í stjórn Náttúrulækningafélags Íslands:

Jóhannes Gíslason.

Oddgeir Ottesen.

Hörður Friðþjófsson.